


VIÐIDALSÁ

1986

TUMI TÓMASSON



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.


HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRA HLEMMI
PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK
SÍMI 91-621811

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-N/87011 VEIÐIMÁLASTOFNUN

MAÍ 1987

VMST-N/87011



VMST-N / 87011

VIÐIDALSA 1986

Starfið 1986

I lok maí var sleppt smáseiðum í Kambsá og fremri hluta Viðidalsár, fyrir framan Bergsá. Þá var unnið að veiðistaðagerð undir leiðsögn Scott Wenger. Scott þessi er bandarískur verkfræðingur sem kom hingað til að vinna við umbætur á skilyrðum fyrir lax í ám.

I lok júlí var aftur sleppt smáseiðum í Kambsá og Viðidalsá. Með þessu er verið að kanna hvort sleppitími hafi áhrif á afkomu seiðanna. Svipaðar athuganir fóru fram s.l. sumar.

I lok júlí og byrjun ágúst var ástand seiðastofna kannað með rafveiðum. Athuginin var með hefðbundnum hætti.

Silungsstofnar Hópsins voru athugaðir í byrjun ágúst og aftur seint í september. Þá voru einnig tekin sýni af bleikju í Viðidalsá.

Veiðimenn söfnuðu hreistri af löxum og sýnin voru greind í vetur.

Helstu niðurstöður

Seiðasleppingarnar 1985 benda til að sleppingar á vorin komi heldur betur út en sleppingar síðsumars. Seiðin sem sleppt er fyrr eru almennt stærri á öðru sumri í ánni en þau sem sleppt er síðar, og virðast einnig lifa heldur betur. Almennt má þó segja að sleppingarnar 1985 og vorsleppingin 1986 hafi tekist mjög vel, en of snemmt er að dæma um hvernig til tókst með síðsumarsleppinguna 1986.

Búið er við að greinargerð um veiðistaðagerðina muni koma frá Scott innan tíðar. Mikið vatn var í ánni þegar verkið var unnið, og því fremur erfitt um vik. Það virðist vera álit veiðimanna sem ég hef talað við að veiðistaðagerðin hafi skilað litlum árangri, en best er að dæma ekki um árangur fyrr en búið er að skoða tölur um skiptingu veiðinnar milli veiðistaða.

I rafveiðunum kom í ljós að veruleg aukning hefur orðið á milli ára á 1+ seiðum, þ.e. seiðum sem eru á öðru sumri, og virðist vöxtur þeirra vera svipaður og árið á undan. Ekki er þó hægt að gera alveg áreiðanlegan samanburð, því veitt var heldur fyrr 1986 en árið á undan. Vorgömul seiði fundust í litlu magni og ekki á öllum stöðunum. Þó er ekki ástæða til að ætla annað en að nóg sé af þeim, því þau voru enn mjög smá

og því erfitt að veiða þau, jafnframt því sem þau áttu enn eftir að dreifa sér um ána. Vöxtur eldri seiða er heldur betri nú en 1985, og má reikna með að meðalaldur náttúrulegra gönguseiða muni lækka eitthvað. Hinsvegar er þéttleiki slíkra seiða nú minni og því er ekki gert ráð fyrir að fjöldi gönguseiða muni aukast á milli ára. Á vissum stöðum, eins og framantil í Fitjaá mun draga úr gönguseiðaframleiðslu.

Í Hópinu er mikil og væn bleikja. Bleikjan þar er öll fremur ung og í mjög örum vexti, ólíkt því sem var fyrir örfáum árum. Það virðist því sem miklar sveiflur eigi sér stað í bleikjustofninum. Hann þolir því líkast til nokkuð harða veiði, og veiðin mun að líkindum draga úr sveiflum í stofninum. Flest bendir til að bleikjan úr Hópinu hafi ekki hrygningarskilyrði þar, en komi upp í árnar, þá einkum Víðidalsá, til hrygningar. Nauðsynlegt er þó að fylgjast vel með áhrifum veiðanna, og safna um þær góðum skýrslum.

Veiðin 1986

Sumarið 1986 veiddust alls 1541 lax í Víðidalsá, sem er rúmlega tvöföldun frá fyrra ári. Smálaxar voru 943, og hafa ekki verið fleiri síðan 1979. Þetta lofar mjög góðu um stórlaxaveiðina í sumar. Þá veiddust 543 stórlaxar og 55 boltar, þ.e. laxar sem dvalið höfðu þrjú ár í sjó.

Því miður bárust allt of fá hreistursýni til að hægt sé að leggja mikið traust á niðurstöður greinigar hreisturs. Alls bárust 69 sýni af smálöxum. Þar af voru 8 ólesanleg. Hin voru flest af löxum sem höfðu dvalið fjögur ár í ferskvatni. Alls mátti rekja 26% til smáseiðasleppinga 1983, og er athyglivert að þeir veiddust allir í Víðidalsá. Sjö sýni bárust úr gildrunni í Kolugljúfrum og voru fimm þeirra af löxum af sleppiuppruna. Ef þessi sýni eru tekin frá voru 20% af smálaxaveiðinni, eða um 200 laxar, sem ætla má að séu upp runnir úr sleppingunum 1983.

Af sýnum af stórlöxum mátti rekja tvö (8%) til sleppinga 1981. Til þeirrar sleppingar mátti einnig rekja tvo af ellefu boltum sem sýni bárust af.

Athuganir 1987

Í sumar reikna ég með að sleppingin frá 1984 fari að skila sér sem smálax. Hluti þeirrar sleppingar var merktur með klippingu kviðarugga. Mikilvægt er að fylgst verði vel með afla veiðimanna í sumar. Jafnframt ber brýna nauðsyn til að safna meiri og betri hreistursýnum, en gert hefur verið til þessa.

Eg tel nauðsynlegt að halda áfram reglulegum athugunum á ástandi seiðastofna, líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Þá þarf að gera fyrsta mat á áhrifum veiða í Hópinu.

Mér sýnist að stefni í mjög þéttan seiðastofn í ánum og því rétt að reyna að auka veiðiálagið á næstu árum. Þetta má td.

gera með því að bæta við stöngum, bæta veiðistaði og gera nýja og með ádrætti að haustinu. Þá er sjálfsagt að bæta aðstæður við árnar og er vegagerð upp með Fitjá brýnasta verkefnið á þeim vetvangi.

Til að meta betur hvað einstaka seiðasleppingar gefa af sér er nauðsynlegt að hefja aftur merkingar á smáseiðum, td uggaklippingar. Olaxgengur hluti Fitjár er álitlegt uppeldissvæði, sem vert er að kanna hvort ekki megi nýta.

Eg tel að hlutfall laxa af eldisuppruna muni aukast verulega á næstu árum. Það er því nauðsynlegt að tryggja að erfðagrundvöllur sleppiseiða sé sem breiðastur svo eiginleikar stofnsins breytist ekki í ósamræmi við þróun umhverfisins. Því verður að leggja á það ríka áherslu að teknir verði a.m.k. sextíu laxar, þrjátíu af hvoru kyni, til undaneldis ár hvert.

Að lokum óska ég fundarmönnum gleðilegs sumars og góðrar veiði.

Tumi Tómasson

maí 1987